

# Yfirlýsing

Um leið og ég læt af störfum í stjórn Eirar vil ég að eftirfarandi komi fram:

Frá því ég kom að þessu stjórnarborði hefur það verið einlægur ásetningur minn að vinna faglega og af heiðarleika við að gæta hagsmuna þeirra sem njóta þjónustu á Eir, Eirarhúsum, Eirhömrum og Eirborgum. Einnig að standa vörð um að reksturinn væri með heilbrigðum hætti.

Það varð fljótt ljóst að á Eir og útibúum þess er veitt frábær þjónusta og mjög góð umönnun sem er öllum starfsmönnum til sóma.

Hins vegar þegar leið á stjórnarsetuna fóru að koma upp áhyggjuefni varðandi rekstur og fjármálastöðu Eirarsamstæðunnar. Unnið var að hagræðingu og leitað eftir tilboðum til að létta stöðuna eftir því sem stjórn var upplýst um.

Eftir ráðningu nýs framkvæmdastjóra um s.l. áramót fóru smám saman að birtast blikur á lofti um að fjárhagsvandinn væri stærri og meiri en stjórnarmönnum hafði áður verið tjáð. Sífelld komu nýir hlutir í ljós við skoðun hans á gögnum Eirar.

Það er svo í ágúst s.l. sem öll myndin er komin fram um fjárhagsstöðu Eirar og þá strax er settur upp hópur til að velta við öllum steinum til að leita færra leiða út úr þessum mikla vanda sem við blasti.

Hópurinn fékk til liðs við sig sérfræðinga og átti í viðræðum við ýmsa aðila um lausnir. Enginn vildi á þeim tíma taka við vandanum svo öruggt væri. Hópurinn vann að því að þróa lausnir sem gætu bjargað Eir.

Í október segir síðan stjórnarformaðurinn af sér og frá þeim tíma hefur geisað moldrok um leiðir og tilvist fulltrúaráðs og stjórnar.

Viðtakandi formaður vildi við þessar aðstæður draga alla með sér þegar hann hugðist yfirgefa stjórn.

Mikilvægast af öllu í dag er að þeir íbúar sem eru með búseturétt verði ekki fyrir tjóni og að bjarga megi rekstri hjúkrunarheimilsins Eirar.

Til þess þarf vönduð vinnubrögð en ekki hræðsluáróður og óábyrgt baktjaldamakk.

Rannsaka þarf þetta bygginga- og skuldaferli svo ekki verði endurtekning á að eldra fólk sé vísvitandi leitt í öngstræti vegna óábygrra stjórnunarháttanna.

Þetta ferli hófst löngu fyrir veru mína í stjórn Eirar en sannleikurinn hefur komið upp á yfirborðið smátt og smátt s.l. mánuði.

Reykjavík 14. des. 2012

Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir